



Fundargerð

Fimmtudaginn 14. janúar 2010 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Björn Magnússon, Zophonías Ari Lárusson, Rafn Sigurbjörnsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2010.

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun sem stjórnarmenn yfirfóru. Nokkrar breytingar voru gerðar á fyrirliggjandi drögum sem Magnúsi og Auði var falið að ganga frá inn í áætlunina. Samþykkt að heildarkostnaður sem falli á aðildarsveitarfélögin verði samtals 35.500 þús. sem skiptist þannig: félagsþjónusta: 21.653 þús., skólaþjónusta: 8.347 þús., öldrunarmál: 5.500 þús.

2. Húsnæðismál félags- og skólaþjónustunnar

Fyrir fundinum lá bréf til forstjóra HSB þar sem óskað er svara um hvort húsnæði sem undanfarin ár hefur verið leigt fyrir tannlækni sé til leigu og hvaða leiguverð væri á því. Meðfylgjandi bréfinu var úttekt á húsnæðinu og þarfagreining. Magnúsi var falið að ganga frá umræddu erindi.

3. Starfsmannamál

Félagsmálastjóri gerði grein fyrir þeirri breytingu sem hefur orðið á starfsmannamálum með því að Ólöf Birna hefur farið í nokkurra mánaða veikindaorlof. Umræður urðu um hvaða möguleikar séu í stöðunni. Samþykkt að auglýsa eftir starfsmanni tímabundið í 50% starfshlutfall.

4. Húsaleiga í kvennaskóla

Farið var yfir með hvaða hætti leigu fræðslustjóra í húsnæði Kvennaskólans á Blönduósi hafi verið háttáð. Fram kom að Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál hafi innheimt leigu fyrir umrætt húsnæði sem félagsþjónustan hafi greitt. Með tilliti til uppsagnarfrests á leigukjörum var samþykkt að Félags- og skólaþjónusta A-Hún greiði leigu fyrir umrædd íbúðarherbergi til 31. maí nk. en þá taki fræðslustjóri við leigugreiðslum hafi hann ekki fundið önnur úrræði á húsnæðismálum sínum.

5. Önnur mál

Magnús greindi frá því að tryggingar Félags og skólaþjónustu A-Hún hafi verið boðnar út og lægstbjóðandi hafi verið Sjóvá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 15.40

Björn Magnússon,

Zophonías Ari Lárusson,

Rafn Sigurbjörnsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson.